

um iðnþróunaráætlun fyrir næsta áratug.

Flm.: Helgi Bergs, Einar Ágústsson, Halldór E. Sigurðsson, Ingvar Gíslason, Þórarinn Þórarinsson, Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera áætlun um iðnþróun í landinu fram til ársins 1980. Áætlunin skal miða að því að gera grein fyrir, hvernig skapa megi sem arðbærust viðfangsefni ört vaxandi þjóð innan þeirra ramma, sem auðlindir hennar og framkvæmdageta leyfa.

Til undirbúnings áætlunargerðinni skal fara fram sérfræðileg, kerfisbundin könnun á því, hvaða iðngreinar hafi beztan starfsgrundvöll og henti best aðstæðum í landinu yfirleitt og einstökum landshlutum sérstaklega. Einnig skulu dregnar saman niðurstöður þeirra athugana á möguleikum til stóriðju (orkufreks iðnaðar), sem fram hafa farið á vegum stjórnvalda, í því skyni að skapa heildaryfirlit yfir þá möguleika, sem fyrir hendi eru á því sviði, og innbyrðis samhengi þeirra.

Þá séu athugaðar og metnar þær aðgerðir af hálfu löggjafans og stjórnvalda, sem til greina koma til að efla iðnþróun og stýra henni í þær stefnur, sem hagkvæm-astar teljast samkvæmt því mati, sem í áætluninni felst. Einnig skal höfð hliðsjón af þeim aðferðum, sem aðrar þjóðir beita í þessu skyni, og reynslunni af þeim.

Iðnþróunaráætlunin verði lögð fyrir Alþingi og birt þjóðinni svo fljótt sem verða má.

Greinargerð.

Það er skoðun okkar framsóknarmanna, að mikla nauðsyn beri til þess, að íslenska þjóðin geri sér glögga grein fyrir því, af hvaða atvinnurekstri hún ætlar að lifa í framtíðinni. Miklar breytingar í atvinnuháttum eiga sér nú stað og eru fram undan á næstu árum, og það getur orðið mjög afdrifaríkt, ef ákvarðanir, sem teknar eru í því sambandi, eru ekki byggðar á traustum grunni.

Þetta á að sjálfsgöðu ekki við um iðnaðinn einan, heldur einnig aðrar atvinnugreinar, en flestir munu þó sammála um, að það sé á sviði iðnaðarins, sem flesta nýja möguleika sé að finna. Íslenska þjóðin er í örum vexti. Fyrir nokkrum árum birti Efnahagsstofnunin áætlun um fjölda atvinnufólks á næstu áratugum, og var niðurstaða hennar sú, að á árinu 1970 yrði fjöldi þess 82 þúsund, 1980 yrði hann 100 þúsund, 1990 119 þúsund og árið 2000 146 þúsund. Á næsta áratug má því gera ráð fyrir, að á vinnumarkaðinn bætist um 18 þúsund manns, auk þess sem gera verður ráð fyrir framleiðniaukningu í þeim atvinnugreinum, sem nú eru stundaðar. Ný störf þurfa því að verða til fyrir miklu fleiri en þessi 18 þúsund.

Það ber því að fagna því, að skilningur og samstaða virðist ríkja um það meðal þjóðarinnar, að hraða þurfi iðnþróuninni í landinu. Á hinn bóginn verður ekki sagt, að sama samstaða ríki um það, með hvaða hætti skuli að því unnið. En við stöndum nú á tímamótum. Við höfum gerzt aðilar að EFTA. Þegar sú aðild var til umræðu, gagnrýndum við framsóknarmenn það, að ekki skyldi þá þegar hafa verið gerð iðnþróunaráætlun af því tagi, sem hér er lagt til að gera. Okkur virtist eðlilegt að tengja þetta tvennt saman, því að auðvitað er aðild okkar að samtökum um fríverzlun með iðnaðarvörur meiningarleysa, ef hún miðar ekki að hraðri iðnvæðingu landsins.

Bygging stórrar verksmiðju á sviði orkufreks iðnaðar á einnig þátt í að marka þessi tímamót. Hvað sem mönnum sýnist um samninga þá, sem gerðir voru við hina erlendu eigendur verksmiðjunnar í einstökum atriðum, verður ekki um það deilt, að orkufrekur iðnaður er eðlilegur þáttur í atvinnulífi þjóðar, sem býr í landi mikilla orkulinda. En þeim þætti eru þröng takmörk sett. Fámenn þjóð og fjárvana verður að byggja meira á þeim greinum, þar sem vinnan skapar verðmætin, en hinum, þar sem fjármagnið gegnir því hlutverki. Í orkufrekum stóriðnaði er það algengt, að fjárfesta þurfi 15–20 milljónir fyrir hvern mann, sem vinna skapast fyrir, en í öðrum greinum iðnaðar er 1–2 milljónir algengast. Þegar þess er gætt, hve mikið verkfærum Íslendingum fjölgar á næstu áratugum, er ljóst, að sjálfir höfum við ekki fjármagn til að byggja iðnþróunina að verulegu leyti á orkufrekum iðnaði, og að flytja inn fjármagn í svo stórum stíl, hvort sem væri sem lánsfé eða áhættufé, gæti stofnað fjárhagslegu sjálfstæði í tvísýnu.

Iðnaðaruppbyggingin verður því aðeins að mjög takmörkuðum hluta byggð á orkufrekum iðnaði. Í meginatriðum verður hún að verða á öðrum sviðum iðnaðar. En hverjum?

Vissulega höfum við þegar hafið iðnaðarstarfsemi á ýmsum sviðum. Sumt hefur gefizt vel, annað miður en skyldi. En öll mistök eru dýr, og á þeim er mikil hættá á miklum breytingatímum, einkum ef hver og einn þarf að móta viðbrögð sín á eigin spýtur án þjóðfélagslegrar forustu og leiðsagnar.

Það er skoðun okkar flm., að við eigum sameiginlega, Íslendingar, að móta viðhorf okkar til þessara viðfangsefna og það sé hlutverk ríkisvaldsins að hafa um það frumkvæði og forustu. Tillaga þessi miðar að því, að við skilgreinum markmið okkar með iðnþróuninni og vörðum leiðir til að ná þeim. Okkur virðist eðlilegt, að tekið sé mið af því að skapa sem arðbærust störf fyrir allt verkfært fólk með þeim auðlindum og þeirri framkvæmdagetu, sem þjóðin ræður yfir. Við teljum, að undanfari áætlunarinnar þurfi að vera skipuleg, sérfræðileg könnun á því, hvaða iðngreinar hafi beztan starfsgrundvöll í landinu og einstökum landshlutum sérstaklega og henti bezt aðstæðum. Ástæða er til að ætla, að iðngreinar, sem kunna að eiga vel við á einum stað, henti ekki á öðrum. Kemur þar margt til: aðstaða til hráefnisöflunar, afstaða til markaða og margt fleira. Bezt er að gera sér grein fyrir slíkum aðstæðum sem fyrst.

Þá gerir tillagan ráð fyrir því, að athugaðar séu og metnar þær aðferðir af hálfu löggjafans og stjórnvalda, sem til greina koma til að efla iðnþróun og stýra henni eftir þeim brautum, sem hagkvæmastar teljast þjóðfélagslega. Sjálfsagt eru menn ekki á eitt sáttir um það, hversu rík áherzla skuli lögð á að stýra þróuninni samkvæmt áætlunum, en í því skyni koma ýmsar aðferðir til greina, svo sem sérstök lánafyrirgreiðsla, skattaivilnanir, atvinnufræðsla og margt fleira, sem þarf að kanna. Flm. leggja áherzlu á það, að hverjum aðferðum sem beitt kann að verða í þessum efnum, þá sé framkvæmdin á þann veg, að farið sé að almennum reglum, en það sé ekki lagt í vald þeirra fjölmörgu stjórna og embættismanna, sem um slíka hluti fjalla, að gera það, sem hverjum og einum kann að litast bezt á þá og þá.

Tillagan kveður svo á, að áætlunin skuli lögð fyrir Alþingi og birt almenningi svo fljótt sem verða má. Það er skoðun okkar flm., að okkur liggi á. Við gerum okkur ljóst, að frumsmið af þessu tagi kann að verða ófullkomin fyrst í stað, en við teljum, að áætlun af þessu tagi eigi að vera í sífelldri endurskoðun allt áætlunartímabilið. Við teljum nauðsynlegt, að á hverjum tíma ríki ákveðin stefna í þessum málum, þó að hún kunni að taka breytingum öðru hverju.